



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Norðurþing  
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir  
aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

Akureyri, 17. nóvember 2022  
MÍ202211-0007/ 6.09 / S.G.

## Umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir Akursel í Norðurþingi

Með tölvupósti sendum 1. nóvember 2022 óskaði aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir Akursel í Norðurþingi. Meðfylgjandi var skipulags- og matslýsing fyrir deiliskipulag Akursels dagsett 26. september 2022

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Réttilega segir í kafla 2.8 í skipulagslýsingunni að fornleifaskráning liggja ekki fyrir. Þar segir einnig að unnin verði deiliskráning fornminja á skipulagssvæðinu áður en gengið verður frá deiliskipulagi. Minjastofnun ítrekar mikilvægi þess að það verði gert með góðum fyrirvara svo hægt verði að taka tillit til minja við hönnun skipulagsins.

Sömuleiðis vantar húsa- og mannvirkjaskráningu fyrir svæðið, sbr. 16. gr laga um menningarminjar og 37. gr. skipulagslaga nr 123/2010, en þar segir „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstaka byggingar sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“ Slík húsakönnun fer þá fram óháð aldri þeirra bygginga sem um ræðir og gefst þá minjavörslunni tækifæri til að leggja mat á varðveislugildi yngri húsa og mannvirkja en þeirra sem falla undir umsagnarskyldu samkvæmt lögum um menningarminjar.

Til þess að minjavarðslan geti tekið afstöðu til húsa á svæðinu er farið fram á að hús og mannvirki séu listuð upp, þar sem fram kemur byggingarár (samkv. Fasteignamati / Þjóðskrá), tegund húsnæðis (notkun), hönnuður (ef vitað er) og aðrar upplýsingar (ef þörf er á). Ef byggingar eru á svæðinu sem falla undir lög um menningarminjar, þ.e. eru friðaðar vegna aldurs (100 ára eða eldri)

eða umsagnarskyldar (byggðar árið 1925 eða fyrr) þarf frekari skráningu á þeim ásamt varðveislumati, í samræmi við staðla Minjastofnunar um húsa- og mannvirkjaskráningu.

Á bls. 18 í lýsingunni segir: „Skógrækt skal ekki fara fram nær friðlýstum fornminjum en 20 m, sbr. ákvæði þjóðminjalaga um friðhelgað svæði umhverfis þær. Miða skal við a.m.k. 10 m fjarlægð frá öðrum fornleifum. Gott aðgengi almennings að merkjum minjum verði tryggt“ Í dag gilda lög um menningarminjar nr 80/2012 um fornleifar og þarf því að vitna í þau. Þar er einnig gerður greinarmunur á aldursfriðuðum fornleifum (100 ára og eldri) og friðlýstum fornleifum og eru mismunandi fjarlægðarmörk miðað við tegund, engar friðlýstar fornleifar eru á jörðinni en fjöldi friðaðra fornleifar mun koma í ljós við fornleifaskráninguna.

Skráningu minja skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar um fornleifa- og húsaskráningu og nálgast má á heimasíðu stofnunarinnar, [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Samkvæmt þeim skulu sýnilegar fornleifar innan deiliskipulagssvæðis mældar upp og færðar á kortagrunn og útlínur skráðra fornleifa jafnframt færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Sniðmát fyrir húsa- og mannvirkjaskráningu má nálgast hjá Minjastofnun Íslands

Til þess að Minjastofnun geti veitt umsögn sína um deiliskipulagið þurfa gögn þessi að liggja fyrir. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest skrána. Ef spurningar vakna má snúa sér til undirritaðs með þær. Að öðru leyti hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna eins og hún liggur fyrir.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra

*Afrit sent:* Skipulagsstofnun